

Íslenska 6. bekkur

Kennarar: Daníel Steingrímsson; Kristbjörg G Halldórsdóttir; Steinunn Guðmundardóttir

Lýsing

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fimm flokkum:

Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Bókmenntir, Ritun og Mál og málnotkun. Allir þessir flokkar íslenskunnar tengjast innbyrðist og öðrum námsgreinum sem grunnur þeirra allra. Áherslan er á læsi nemenda í viðum skilningi. Íslenskan, skólamálið, tengist öllum starfsmönnum, nemendum og skólasamfélaginu sem slíku og hefur áhrif á skólamenningu og skólabrag. Málstefna Melaskóla byggir á samstarfi og samstöðu um gott máluppeldi.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir íslensku 6. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópundi að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 6 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í íslensku taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í íslensku 6. bekkja eru þessi eftir hæfniflokkum:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- samþætting við samfélagsgreinar (Norðurlandaverkefni, Snorra saga), bókasafn (ritdómur um norrænar bókmenntir), náttúrugreinar (plánetuverkefni) og stærðfræði (hópverkefni) á formi kynninga

Lestur, lesskilningur og bókmenntir:

- flökkusögur, þjóðsögur, leikrit, dagbók Önnu Frank, örsögur, myndasögur, smásögur, skrítlur
- maður og náttúra, póstkort, boðskapur, draugar og varúlfar, lestrartækni
- bóka- og kvikmyndarýni
- hefðbundin og óhefðbundin ljóð lesin og greind (rím, ljóðstafir, myndmál, líkingar, ljóðgreining, boðskapur)
- lesið og hlustað á sögur, ljóð, leikrit og unnið með innihald í umræðum og ritun á skapandi hátt
- yndislestur, nestissaga, heimalestur, lestrarsprettur (samvinna við bókasafn)
- fjallað um atburðarás, persónusköpun, sjónarhorn, umhverfi, tíma og boðskap í sögum

Ritun:

- semja ritgerðir og ljóð, hugarkort, viðtal, orðarýni
- yndisritun
- mismumandi textargerðir: bókmenntatextar, frásagnartextar, fréttatextar, myndlestur, fræðitextar, auglýsinga- og upplýsingatextar, leiðbeininga- og útskýringatextar

- Skrift 6
- réttritun (ýmsar æfingar í stafsetningu, s.s. sóknarskrift, eyðufyllingar, skrifað eftir upplestri)
- Samþætting við aðrar námsgreinar: Ritgerðir

Mál og málnotkun:

- íslensk tunga, slangur og slettur
- orðflokkar og orðflokkgreining
- andheiti og samheiti
- setningar, málsgreinar og efnisgreinar
- stofn orða, hljóðvarp
- rétt eða rangt mál?
- samsett og ósamsett orð
- krossgátur

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluaðferðir, vinnulag) í íslensku 6. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga og námsgreina, m.a.: markvissar innlagnir kennara, kennslufræðina Orð af orði, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verklega vinnu, útikennslu, kannanir, próf og heimavinnu.

Leitast er við að tengja hæfniflokka íslenskunnar innbyrðis og samþætta þá einnig við aðrar námsgreinar. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu, heimildavinnu og gagnrýna hugsun.

Áhersla er á að nemendur:

- iðki alhliða lestur til að auka lestrarfærni og lesskilning, t.a.m. yndislestur í skólanum (3 sinnum í viku) og reglubundinn heimalestur (5 sinnum í viku)
- lesi og túlki bókmenntatexta og setji sig í spor persóna við ólíkar aðstæður
- fái tækifæri til að afla sér upplýsinga á bókasafni skólans og á veraldarvefnum til að nýta í verkefnum (sbr. heimildavinna), t.a.m. í verkefnum sem eru samþætt við aðrar greinar, s.s. samfélags- og náttúrugreinar, upplýsinga og tæknimennt
- lestrarátak (lestrarsprettur) í samvinnu við bókasafnskennara
- semji fjölbreytta texta og beiti ólíkum málsniðum í framsetningu texta og talaðs máls
- virki ímyndarafl og sköpunargáfu í verkefnavinu sinni
- öðlist hæfni í að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana annarra í umræðum og rökræðum hlusti á upplestur nestissögu (5 sinnum í viku)
- nái færni í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum, t.a.m. í bókmenntum og í kynningu verkefna sinna
- rýni í kvikmyndir og þær metnar, túlkaðar og bornar saman við upprunalega sögu, umhverfi og aðstæður
- undirbúi sig vel fyrir kynningu á eigin verkum eða upplestri á verkum annarra og noti skýran framburð með viðeigandi blæbrigðum
- greini og setji saman orð, lesi í orðin, skoði skýringar hvort sem þær eru gagnsæjar eða ekki, skapi ný orð með samsetningum og setji orð í samhengi í ljóð, sögur, leikrit eða spjall
- uppgötví að málfræði er ekki einangrað fyrirbæri heldur nýtist m.a. í ritun texta og töluðu máli

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kafla 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í

námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í íslensku 6. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (heimapróf, stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjölmörg *matsverkefni* í íslensku eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í íslensku 6. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyimum að þessum markmiðum.

Heimalestur, *Aston Index* (greinandi próf í stafsetningu), *lesfimi* (sbr. lesfimiþróf tekin í september, janúar og maí) og *lesskilningur* (sbr. Orðarúnarþróf tekin í nóvember og maí) eru metin sérstaklega og matið gert sýnilegt á heimasvæði nemenda og foreldra í Minn Mentor.

2025_Íslenska fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

2025_Íslenska fyrir 5.-7. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.
- Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.
- Gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi.
- Hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum,

2025_Íslenska fyrir 5.-7. bekk - Lestur og lesskilningur

- Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.
- Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt.
- Geti beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni,
- Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.
- Beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda.

2025_Íslenska fyrir 5.-7. bekk - Bókmenntir

- Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.
- Notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir.
- Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi.

2025_Íslenska fyrir 5.-7. bekk - Ritun

- Miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum.
- Tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum.

- Skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar.
- Beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.

2025_Íslenska fyrir 5.-7. bekk - Mál og málnotkun

- Beitt málfræðipekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.

- Stafsetningarpróf - Aston Index, 6. bekkur

Aston Index skimunarpróf - Stafsetning stakra orða.

Lesnar eru upp 20 setningar og nemendur skrifa eitt valið orð úr þeim niður á prófblaðið sitt. Prófið reynir á helstu stafsetningarreglur. Nemendur sem ekki ná hæfni skv. viðmiðum prófsins þurfa stuðningskennslu í réttitun.

Matsviðmið:

Framúrskarandi: Allt rétt

Hæfni náð: 15 - 19 orð rétt

Þarfnast þjálfunar: 9 - 14 orð rétt

Hæfni ekki náð: 1 - 8 orð rétt

- Dagbókarskrif - ritun

Íslenska - Ritun - Dagbókarskrif

Hæfniviðmið:

Textategundir og málnotkun.

- Við lok 7. bekkjar getur nemandi: skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.

Stafsetning og greinarmerkjasetning.

- Við lok 7. bekkjar getur nemandi: beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.

Námsmarkmið:

Læra hvernig dagbækur eru skrifaðar og þjálfa sig í að nota rétta stafsetningu í ritunarverkefnum.

Árangursviðmið:

- Halda dagbók í 4 daga.

- Ávarpa dagbókina, skrá dagsetningu og skrifa a.m.k. 10 línur fyrir hvern dag.

- Skrifa persónulega frásögn og lýsingu.

- Skrifa frásögnina í 1. persónu.

- Skrifa frásögnina í þátíð.

Viðfangsefni:

Íslenska - ritun og stafsetning.

Fyrirmyndir:

Dagbók Önnu Frank, Dagbók Berts, Dagbók Zlötu, Dagbók Ólafíu Arndísar, Dagbók Kidda klaufa.

- Sagnorð

Nemendur taka könnun í sagnorðum þar sem þau þurfa að bera kennsl á sagnorð í texta, setja þau í nútíð og þátíð ásamt því að finna stofn þeirra.

- **Yndislestur**

Ætlast er til að nemendur lesi bók við hæfi á hverjum degi í yndislestri í upphafi skóladags.

Metið út frá þáttöku í yndislestri á morgnanna í 1 viku(28. nóv - 5. des)

Árangursviðmið:

- Velja sér bók við hæfi (aldur og áhugi)
- Lesa í amk. 20 mínútur á hverjum degi

- **Brúðuleikhús - Þjóðsögur**

Nemendur læri um helstu einkenni þjóðsagna og öðlist færni í að endursegja söguna á myndrænan og skapandi hátt í formi brúðuleikhúss.

Nemendur æfi sig í að skrifa handrit.

Nemendur þjálfist í að tala skýrt og greinilega

Árangursviðmið:

- Skrifa handrit þar sem að sögumaður segir söguna í 3. persónu en inn á milli tala persónur sögunnar.
- Gera brúður og einfalda leikmynd sem út frá lýsingum í sögunni
- **Sýna brúðuleikhús fyrir nemendur í 1. bekk.**

- **Yndislestur**

Ætlast er til að nemendur lesi bók við hæfi á hverjum degi í yndislestri í upphafi skóladags.

Metið út frá þáttöku í yndislestri í eina viku(9.-13. febrúar)

Árangursviðmið:

- Velja sér bók við hæfi (aldur og áhugi)
- Lesa í amk. 20 mínútur á hverjum degi

- **Snorra saga - vinnubók**

Skilafrestur 30. apríl.

Ath - nálgast má allar upplýsingar um innihald á Classroom.

Eitt af hæfnimati í **sögu** byggir á vinnubók nemenda í Snorra sögu og kemur í stað hefðbundins prófs.

Nemendur vinna fjölmörg verkefni í vinnubók sína (sbr. matsblað), t.d. teikna ættatré – setja upp tímalínu sögunnar – skrifa úrdrætti úr bókarköflum - svara efnisspurningum úr bókinni– skrifa sendibréf – teikna inn ættir, höfðingjasetur og ferðalög inn á landakort – teikna fjölskyldu Snorra – teikna Örlygsstaðabardaga -o.fl.

Áhersla er á góða vinnusemi nemenda (t.d. vanda skrift og frágang, hafa spássiur, svara spurningum með heilum setningum, vanda teikningar og lita o.fl.).

Matsviðmið/-kvarði:

F Framúrskarandi leyst verkefni út frá viðmiðum þess

HN Vel leyst verkefni út frá viðmiðum þess

ÞÞ Sæmilega leyst verkefni út frá viðmiðum þess

- Ljóð - ljóðastafir, rím og túlkun

Námsmarkmið: Við ætlum að lesa ljóð eftir Jónas Hallgrímsson, greina það og túlka.

Síðan ætlum við að skrifa það upp og myndskreyta.

Árangursviðmið:

Lesi ljóðið “Ég bið að heilsa” eftir Jónas Hallgrímsson með bekknum.

Finna stuðla og höfuðstafi í ljóðinu

Finna rím í ljóðinu.

Geta sagt í stuttu máli um hvað ljóðið fjallar, túlka ljóðið.

Skrifa ljóðið fallega upp á blað og myndskreyta.

NÁMSEFNI/GÖGN



Söguskinna

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibækur/namsefni/soguskinna/>)



Finnbjörg

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibækur/namsefni/Finnbjorg/>)



Smátímasögur

Rafbók

(<https://vefir.mms.is/flettibækur/namsefni/smatimasogur/>)



Rauðkápa

Lesbók



Skrift 6

Vinnubók



Réttritunarorðabók

Orðabók



Dagbókarskrif